

Vopnafjarðarhreppur
Hamrahlíð 15
690 Vopnafjörður

Selfoss, 25.11.2024
UST202402-117/H.M.V.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 20. september 2024 - Vopnafjarðarhreppur, urðunarstaður við Búðaröxl, ID nr. 46

Þann 20. september sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Vopnafjarðarhrepss við Búðaröxl. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Staða eldri frávika:

Rekstraraðili vann eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna fráviks úr eftirliti ársins 2020 og er vísað í eftirfarandi úrbótaáætlun sem barst frá rekstraraðila þann 9. mars 2023. Lagði rekstraraðili fram tímasetta áætlun um úrbætur og að verklok á þeim yrðu yfirstaðin sumarið 2024. Við eftirlit nú er ljóst að úrbætur hafa ekki gengið eftir eins og lagt var fram í úrbótaáætluninni. Varðar frávikið uppsöfnun vatns í úrganginum inn á urðunarstað (sjá ýtarlegri umfjöllun í eftirlitsskýrslu). Stóð til að dýpka skurði og framræsa útrás vatns frá urðunarstaðnum meðfram Norðausturvegi og sótti rekstraraðili einnig um breytingu á starfsleyfi. Stendur umsóknarferlið í bið þar sem niðurstaða á matskyldufyrirspurn frá Skipulagsstofnun liggur ekki fyrir til frekari afgreiðslu starfsleyfis.

Engar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu.

Sex frávik komu fram er varða:

- 1.** Gr. 1.2 í starfsleyfi. Óheimilt er að geyma brotamálm umfram þau skilyrði sem koma fram í starfsleyfi. Töluvert magn er til staðar á urðunarstað af brotamálmi sem er langt umfram það sem rúmast fyrir í einum gámi.
- 2.** Gr. 2.1 í starfsleyfi. Þarf að lagafæra aðkomuhlið inn á urðunarstað og yfirfara girðingar. Ástand þeirra telst ófullnægjandi.
- 3.** Gr. 3.2 í starfsleyfi. Vatn safnast fyrir í úrganginum. Koma skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginum.

4. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar vegna innra eftirlits eru ekki til staðar vegna ársins 2023.
5. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Upplýsingar um framkvæmd sýnatöku og mælinga voru ekki aðgengilegar við eftirlit.
6. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19 gr. laga nr. 55/2003. Ársyfirliti vegna ársins 2023 var ekki skilað, sem skila ber fyrir 1. maí ár hvert.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. desember 2024.

Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur